

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 68/2011,
um rannsóknarnefndir (skipun rannsóknarnefnda o.fl.).

Frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson, forstöðumann lagaskrifstofu Alþingis.

Umsagnir um málið bárust frá Alþýðusambandi Íslands og Jafnréttisstofu.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um rannsóknarnefndir sem eru byggðar á þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna og skipun þeirra tveggja nefnda sem starfað hafa á grundvelli þeirra.

Undirbúningur tillögu.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um ýmis atriði málsins, m.a. um hvernig hægt væri að vanda undirbúning skipunar rannsóknarnefnda betur, en með frumvarpinu er m.a. leitast við að skýra betur hlutverk forseta Alþingis og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í þessu ferli. Meginviðfangsefni rannsóknarnefndar er að upplýsa mál og um leið að skapa grundvöll fyrir viðbrögð Alþingis eða hlutaðeigandi stjórnvalda. Nefndin ræddi nokkuð um þá gagnrýni sem hefur komið fram um að ályktanir um skipun rannsóknarnefnda hafi ekki allar verið nægilega markvissar og bendir á að vandaður undirbúningur sé grundvallarforsenda þess að vel takist til. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um að áður en tillaga um skipun rannsóknarnefndar er samþykkt skuli leita umsagnar forseta Alþingis sem heimilt verði að leita umsagnar ríkisendurskoðanda og umboðsmanns. Nefndin telur þetta mjög mikilvægt í ljósi þess að þessar tvær stofnanir þingsins hafa þá þekkingu og reynslu á rannsóknum og úttektum sem nauðsynleg er til að leggja vandaðan grunn að undirbúningi slíkrar tillögu. Nefndin telur mikilvægt að í upphafi verks verði gerð verk- og kostnaðaráætlun sem kynnt verði forseta Alþingis.

Fyrir nefndinni komu fram ábendingar frá Jafnréttisstofu um að gæta þyrfti að því við skipun nefnda að hafa hlutfall kynja sem jafnast. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið en telur ekki þörf á að taka það sérstaklega fram í ljósi gildissviðs laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Kostnaður við rannsóknarnefndir.

Nefndin ræddi nokkuð um kostnað við rannsóknarnefndir og hvort eftirlit með starfsemi þeirra væri fullnægjandi. Í frumvarpinu er lagt til að formaður rannsóknarnefndar skuli veita forseta Alþingis upplýsingar um rekstur og útgjöld rannsóknarnefndar. Þá eru lagðar til breytingar varðandi undirbúning tillögu um skipun rannsóknarnefndar í l. gr. frumvarpsins, þ.e. að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd meti sérstaklega tilefni og grundvöll rannsóknar, hvert sé mögulegt umfang hennar og afmörkun sem og hvort önnur úrræði séu tiltæk. Í greininni er einnig lagt til að nefndin leggi mat á fjölda nefndarmanna og hvaða kröfur eigi

að gera til faglegrar þekkingar þeirra og loks að áætla kostnað við verkið. Einnig er lagt til að leita skuli umsagnar forseta Alþingis sem heimilt verði að leita umsagnar ríkisendurskoðanda og umboðsmanns Alþingis. Nefndin telur mjög mikilvægt að vanda undirbúning og því til mikilla bóta að kveða skýrt á um verkefni forseta Alþingis og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að þessu leyti.

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um að formaður rannsóknarnefndar beri ábyrgð á fjárreiðum nefndarinnar og sé í fyrirsvari fyrir nefndina þar til endurskoðun á reikningslegu uppgjöri hefur farið fram. Enn fremur er lagt til að kveðið verði á um að formaður rannsóknarnefndar skuli afhenda forseta Alþingis reikningslegt uppgjör yfir störf rannsóknarnefndar og árita það innan þriggja mánaða. Nefndin telur nauðsynlegt að kveða skýrt á um ábyrgð formanns hvað varðar fjárreiður nefndarinnar og skil á uppgjöri og telur það til þess fallið að veita aðhald við rekstur slíkra nefnda. Nefndin tekur einnig undir mikilvægi þess að kveða skýrt á um skyldu forseta Alþingis til að hafa eftirlit með því að verk- og kostnaðaráætlun standist en í a-lið 10. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um rannsóknarnefnd skuli veita forseta Alþingis upplýsingar um rekstur og útgjöld rannsóknarnefndar. Nefndin telur það til þess fallið að veita nauðsynlegt aðhald við umfang og rekstur slíkra nefnda.

Ályktun um skipun rannsóknarnefndar.

Í ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um að þegar lög in öðlist gildi skuli stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fjalla um ályktun Alþingis frá 7. nóvember 2012, um rannsókn á einkavæðingu Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., í því skyni að tryggja að afmörkun og umfang rannsóknarinnar og undirbúningur verði í samræmi við ákvæði laga þessara. Nefndin telur í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu eðlilegt að kveða á um slíka endurskoðun á ályktun Alþingis.

Í 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um að Alþingi geti hvenær sem er breytt eða afturkallað rannsókn með nýrri ályktun. Nefndin telur óþarft að kveða á um slíkt í lögum þar sem það felst í hlutverki þingsins að geta ályktað um mál að nýju ef svo ber undir og leggur því til að málsgreinin falli brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. mgr. 1. gr. falli brott.

Höskuldur Þórhallsson og Willum Þór Þórsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Brynhildur Pétursdóttir, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykk álitinu.

Alþingi, 19. maí 2016.

Ögmundur Jónasson,
form., frsm.

Birgir Ármannsson.

Birgitta Jónsdóttir.

Brynjar Nielsson.

Össur Skarphéðinsson.

Elsa Lára Arnardóttir.

Árni Páll Árnason.